



Fundargerð

Fundur í skipulags- húsnæðis- og hafnanefnd Reykhólahrepps
fimmtudaginn 6. maí 2021 kl. 15.00

Fundarstaður: Stjórnsýsluhúsið Maríutröð 5a, Reykhólum.

Mætt: Karl Kristjánsson formaður, Jóhanna Ösp Einarsdóttir og Ingimar Ingimarsson. Einnig sátu fundinn Þórður Már Sigfússon skipulagsfulltrúi, Grettir Ásmundsson byggingafulltrúi, Ívar Örn Þórðarson slökkviliðsstjóri og Ingibjörg Birna Erlingsdóttir sveitarstjóri sem ritaði fundargerð. Gestir á fundinum voru Hildur Kristjánsdóttir og Matthildur Kr. Elmarsdóttir frá Alta ráðgjöfum. Sátu þær undir lið 2 á dagskránni.

Formaður setti fundinn og óskaði eftir öðrum málum á dagskrá. Þrjú mál bárust og var samþykkt að taka þau á dagskrá undir liðnum önnur mál. Þá gengið til dagskrár.

Fundargerðin er rituð í tölvu og er tvær blaðsíður

Dagskrá:

Mál til afgreiðslu:

1. **Fundargerð skipulags- húsnæðis- og hafnanefndar 8. apríl 2021.**
Farið yfir fundargerðina og hún samþykkt samhljóða.
2. **2004013 – Endurskoðun á Aðalskipulagi Reykhólahrepps 2006 -2018.**
Ráðgjafar frá Alta sátu fundinn undir þessum lið. Farið var yfir nokkur viðfangsefni vegna endurskoðunarinnar.
3. **2104007 - Hellisbraut 6 2122728 – umsókn um byggingaleyfi, kvistur.**
Lögð eru fram að nýju, beiðni um byggingaleyfi og gögn frá Viðari Markússyni. Skipulagsnefnd samþykkir útgáfu byggingaleyfis að grenndarkynningu lokinni. Skipulagsnefnd heimilar að tímabil grenndarkynningar verði stytta, með fyrirvara um að hagsmunaaðilar undirriti yfirlýsingu á tillöguuppráttinn um að þeir geri ekki athugasemdir við breytinguna. Samþykkt samhljóða.
4. **2105003 – Djúpidalur, umsókn um byggingaleyfi.**
Lögð eru fram beiðni um byggingaleyfi og gögn frá Leifi Samúelssyni. Skipulagsnefnd samþykkir útgáfu byggingaleyfis til umsækjanda. Samþykkt samhljóða.

Önnur mál (ef einhver):

5. **2105002 – Bjarkalundur, breyting á deiliskipulagi.**
Lögð fram tillaga að breytingu á deiliskipulagi Bjarkalundar. Breytingin felst í því að byggingarreitur lóðar nr. 5 er stækkaður og mænisstefnur gerðar breytilegar. Byggingarmagn er aukið úr 160 m² í 350 m².

Skipulagsnefnd gerir athugasemd við skilgreiningu byggingarreitsins og stækkunar hans. Auk þess gerir nefndin athugasemd við fyrirhugað hús syðst á byggingarreitnum en stærð þess samræmist ekki aðliggjandi byggð. Nefndin leggur til að fyrirhugað hús syðst á byggingarreitnum verði fellt úr skipulagstillögunni og fyrirhugaður byggingarreitur minnkaður sem því nemur. Skipulagsfulltrúa er falið að hafa samskipti við hönnuð varðandi athugasemdir. Afgreiðslu málsins frestað. Samþykkt samhljóða.

6. 2104015 - AB fasteignir, breyting á deiliskipulagi.

Lögð fram tillaga að breytingu á deiliskipulagi fallvatnsvirkjunar við Múlaá í Garpsdal. Breytingin felst í lýtilli tilfærslu á staðsetningu byggingarreits inntaksmannvirkis til suðurs innan deiliskipulagsmarka. Með breytingu þessari helst stærð framkvæmdasvæðis óbreytt en lögun þess er lítillega breytt við inntaksmannvirki en byggingarreitur vatnsinntaks færist neðar í hlíðina.

Að mati skipulagsnefndar er um óverulega breytingu að ræða og er ekki talin þörf á grenndarkynningu, sbr. heimild í 2. ml. 3. mgr. 44. gr. laganna. Er lagt til að sveitarstjórn samþykki breytinguna í samræmi við fyrirbyggjandi erindi og að skipulagsfulltrúa verði falið að sjá um gildistöku hennar. Samþykkt samhljóða.

7. 2105004 - Þörungaverksmiðjan, umsögn vegna leyfis til heimavigtunar.

Hafnanefnd veitir jákvæða umsögn vegna umsóknar Þörungaverksmiðjunnar um heimavigtunarleyfi til handa verksmiðjunni skv. 20. gr. reglugerðar 745/2016.

Þörungaverksmiðjan hefur vigtað sinn afla til fjölmargra ára án nokkurra vandkvæða. Þörungaverksmiðjan á sjálf vigtunarbúnað vegna þyngri afla og er vigt og vigtarhús staðsett innan lóðar Þörungaverksmiðjunnar.

Mjög lítið umsvif eru á höfninni utan starfsemi Þörungaverksmiðjunnar. Dýrt yrði fyrir sveitarfélagið að halda úti starfsmanni fyrir hafnarvog.

Við höfnina starfar nú hafnarstarfsmaður í 10% starfshlutfalli. Hafnarstarfsmaður kæmi til með að sinna eftirliti með heimavigtun í samvinnu og eftir fyrirætlum Fiskistofu. Samþykkt samhljóða.

8. Ársreikningur Reykhólafnar og Leiguíbúða 2020.

Lagðir eru fram ársreikningar Reykhólafnar og Leiguíbúða Reykhólahrepps fyrir árið 2020.

Nefndin staðfestir ársreikningana með undirritun sinni. Samþykkt samhljóða.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 17.40.

_____	_____
_____	_____
_____	_____